

TAKIÐ EINTAK MEÐ Á
SÝNINGU.



Grundaskóli kynnrir



Eftir:

Einar Viðarsson, Flosa Einarsson
og Gunnar Sturlu Herverarsson

Nornaveiðar

Leikstjórn: Einar Viðarsson

Tónlistarstjórn: Flosi Einarsson ásamt aðstoð frá Lilju Margréti Riedel

Búningahönnun: Friðrika Eygló Gunnarsdóttir

Danshöfundur: Sandra Ómarsdóttir

Hár og förðun: Kennarar, foreldrar og nemendur

Framkvæmdarstjórn: Ingibjörg Stefánsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Ursula Ásgrímsdóttir, Hulda Björg Þórðardóttir og Auður Líndal.

Leikskrá: Eydís G. Guðlaugs Drífudóttir og Freyja Kristný Sævarsdóttir

Hönnun leikmyndar: Auður Líndal, Einar Viðarsson og foreldrar

Aðstoð við gerð leikmyndar: Foreldrar nemenda

Portrait myndir: Hrannar Hauksson og Hjördís Dögg Grímarsdóttir foreldrar

Sérstakar þakkir fá foreldrar þátttakenda og aðrir sem hafa lagt okkur lið og allir þeir sem hafa styrkt verkefnið.



Velkomin í Grundaskóla á söngleikinn Nornaveiðar



Nornaveiðar eru fimmti frumsamdi söngleikur Grundaskóla af alls níu og var fyrst settur upp árið 2013. Þetta verkefni fagnar því tíu ára afmæli í ár. Árgangur 2007 setur nú verkið aftur upp sem hluta af loka- og kveðjuverkefni árgangsins úr grunnskóla.

Sem fyrr er viðfangefninu ætlað að fanga athygli áhorfenda á öllum aldri. Höfundar segja sögu með ævintýralegum blæ þar sem fram koma skemmtilegar og litríkar persónur og hröð atburðarás auk þess sem tónlist og dans leika stórt hlutverk.

Mikill metnaður er lagður í verkefnið sem endranær. Það er sannkallað afrek hjá starfsfólki og nemendum að setja upp söngleik á hverju ári. Slíkt krefst mikils af öllum sem að koma. Margir hafa lagt hönd á plóg og þar sannast að margt smátt gerir eitt stórt. Leitað var til fyrirtækja og einstaklinga á Akranesi og nágrenni um fjárhagslegan stuðning.

Mér er bæði ljúft og skylt að þakka þeim fjölmörgu sem lögðu Grundaskóla lið með einum eða öðrum hætti. Án þeirra væri verkefni af þessari stærðargráðu ekki framkvæmanlegt.

Fyrir hönd Grundaskóla óska ég ykkur góðrar skemmtunar. Við vonum að þið njótið sýningarinnar og gleðjist með okkur. Í kvöld sýna nemendur sínar bestu hliðar. Kveðjuverkefni árgangs 2007 er eitt stórt þema sem felst m.a. í glæsilegri söngsýningu, kvikmynd um söngleiki Grundaskóla, útgáfu leikskrár o.fl.

Framtíðin er björt. Til hamingju með glæsilegt lokaverkefni.

Með kveðju,

Sigurður Arnar Sigurðsson, skólastjóri.

Söngleikir í Grundaskóla

Síðastliðin 20 ár hefur Grundaskóli sett reglulega upp frumsamda söngleiki sem hafa notið mikilla vinsælda í bæjarfélaginu og hefur stór hluti bæjarbúa sótt viðburðinn.

Skólaverkefni eins og Nornaveiðar hefur góð áhrif á sjálfstraust og sjálfsmynd unglínganna, þjappar hópnum vel saman og skilur eftir góðar minningar.

Frelsi

Frelsi var fyrsti frumsamdi söngleikur Grundaskóla og var hann frumsýndur snemma árs 2003.

Höfundar söngleiksins voru þeir Flosi Einarsson og Gunnar Sturla

Hervarsson og fengu þeir nokkuð frjálsar hendur með efnisval. Þeir sáu líka um tónlistar- og leikstjórn.

Sigurður Arnar Sigurðsson hélt utan um fjármál og Einar Viðarsson sá um framkvæmdastjórn og lék hann einnig í söngleiknum.

Söngleikurinn Frelsi var vel heppnað verkefni vegna þess að það höfðaði til allra aldurshópa.

Sagan sækir innblástur til íslenskra þjóðsagna og hefur einnig skýran boðskap sem er baráttan gegn einelti.

Þessi söngleikur hefur verið sýndur í fleiri grunnskólum en Grundaskóla t.d. á Húsavík og í Stykkishólmi.

Þetta var upphafið af frumsömdum söngleikjum í Grundaskóla.




Smellur

Smellur er nýjasti frumsamdi söngleikurinn og var hann frumsýndur í Bínhöllinni árið 2018. Árgangarnir sem tóku þátt í honum voru 2002, 2003 og 2004.

Söngleikurinn heppnaðist vel og líkt og flestir söngleikir Grundaskóla sló hann í gegn.

Smellur er eintaklega litríkur og í honum er mikil fjölbreytni í tónlist, allt frá rokki til gospels. Höfundarnir þeir Einar Viðarsson, Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Hervarsson settu ævintýri og sögubrot í nýjan búning með skemmtilegum og litríkum persónum, kraftmikilli tónlist og hraðri atburðarás.



Hunangsflugur og villikettir

Hunangsflugur og villikettir var fyrst frumsýnt árið 2005. Hann var síðan settur aftur á svið árið 2022 þegar árgangur 2006 gerði hann að lokaverkefni sínu við miklar vinsældir. Höfundar hans voru eins og oft áður þeir Einar Viðarsson, Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Hervarsson. Ýmsar breytingar þurfti að gera á handriti til að aðlaga það stærri leikhóp enda voru hátt í 40 nemendur sem stigu á svið sem eru mikið fleiri en í upprunalega verkinu. Fréttastofa RÚV fjallaði um verkefnið og vakti það mikla athygli um land allt. Nemendur í árgangi 2006 segja að verkefnið hafi verið mjög skemmtilegt og fjölbreytt og gert mikið fyrir þau sem árgang.

FRÍ PRUFUVIKA Í HÓPTÍMA ULTRAFORM

Ægisbraut 29, Akranes

Þú pantar prufuviku með því að senda okkur tölvupóst:
ultraform@ultraform.is

- Hóptímar við allra hæfi
- Þú æfir með þínum hópi en hægt er að flakka á milli hópa
- Morgun-, kvöld- og mömmutímar
- Auka helgaræfing með þjálfara í hverri viku
- Æfingar eru bæði úthald og styrkur þar sem hver og einn fer á sínum hraða
- Þjóðum einnig upp á hlaupafjarþálfun, næringarþjálfun heilsufyrirlestra og fyrirtækjþjónustu

Nánari upplýsingar: ultraform.is



Verzlunin Einar Ólafsson

VEÓ

Þegar matur skiptir máli!



APÓTEK

VESTURLANDS



Góða skemmtun



Arnarlax
SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON



SKAGINN 3X

Nornaveiðar - lokaverkefni árgangs 2007

Árgangur 2007 ákvað að setja upp söngleikinn Nornaveiðar. Hann var fyrst sýndur árið 2013 og á því 10 ára afmæli í ár.

Sú hefð hefur nú skapast að söngleikirnir eru lokaverkefni nemenda í 10. bekk og koma allir nemendur í 10. bekk að verkefningunni á einn eða annan hátt enda verkefningin fjölbreytt og mörg. Meðal verkefna eru t.d. leikmynd, hárgreiðsla, förðun, markaðsmál ýmiskonar ásamt tæknivinnu, búningagerð og miðasölu.

Verkefnið er jafnframt liður í fjáröflun nemenda fyrir lokaferðalag þeirra í maí.

Aðlaga þurfti handritið að stærri leikhóp m.a. með því að bæta við hlutverkum ásamt því að fjölga söngvurum til að koma til móts við stærri leikhóp. Gera má ráð fyrir að rúmlega 40 nemendur stígi á svið í verkefningunni sem verður að telja frábært.

Við vonumst til að sjá sem flesta koma á sýningu og hlökkum til að taka á móti ykkur.



KRÓNAN



Krambúðin



@home



vinir
hallarinnar

Viðtöl við foreldra barna sem tóku þátt í söngleikjum í Grundaskóla.



Jóhanna Hallsdóttir

Hvernig var það að eiga krakka sem tók þátt í söngleik?

Það var mjög skemmtilegt, fyrir frumsýningu fékk hún hálsbólgu og kvef og það var mikið stress í gangi, hún var að fara að hætta við. Við höfðum samband við lækni til þess að fá ráð hvað hún gæti gert svo það væri öruggt að hún gæti sungið. En hún söng nú samt þrátt fyrir stress og veikindi og gekk bara mjög vel. Þetta voru miklar æfingar en mjög gaman.

Þurftir þú að hjálpa með eitthvað?

Eiginlega ekki, ég var í því að finna föt og eitthvað þannig en ekki mikið meira en það.

Fannst þér söngleikurinn hafa áhrif á barnið þitt?

Jú þetta gaf henni aukið sjálfstraust og mjög gaman að taka þátt í þessu. Spennandi og auðvitað mjög gaman að vera valin í aðalhlutverk. Henni fannst þetta mjög gaman. En hún söng nú eiginlega ekkert meira eftir þetta, hún söng í síðasta skipti í brúðkaupi systur sinnar.



**Petrea Emilía
Pétursdóttir**

Hvernig var það að eiga krakka sem tók þátt í söngleik?

Ég er búin að eiga fjórar stelpur sem hafa tekið þátt í söngleikjum, þetta voru mjög skemmtileg verkefni fyrir krakkana, gott foreldrastarf og mjög þroskandi fyrir krakkana.

Þurftir þú að hjálpa með eitthvað?

Já það var alltaf eitthvað sem maður gat gert, til dæmis að elda fyrir krakkana og pabbi þeirra tók þátt við að smíða svið í einum söngleiknum.

Fannst þér söngleikurinn hafa góð áhrif á dætur þínar?

Já, mér fannst hann hafa mjög góð áhrif og þær urðu opnari eftir þessi verkefni.



**Díana Carmen Llorens
Izaguirre**

Hvernig var það að eiga krakka sem tók þátt í söngleik?

Ég er búin að vera með 3 börn í Grundaskóla og þau hafa öll tekið þátt í svona leiksýningum sem þau hafa verið að setja upp og þetta hefur bara haft gífurlega góð áhrif á alla mína krakka. Mæli með þessu.

Þurftir þú að hjálpa til með eitthvað?

Þetta var bara mjög skemmtilegt, við foreldrarnir komum að þessu með því að við vorum að elda fyrir krakkana þegar þau voru að sýna þannig að þau þurftu ekkert að fara heim að fá sér að borða.

Fannst þér söngleikurinn hafa áhrif á barnið þitt?

Já algjörlega, þetta eflir sjálfstraust og samvinnu. Þetta er mjög skemmtilegt og ég mæli með þessu fyrir alla krakka ef þau hafa tök á að taka þátt í svona leiksýningu.



MANNVIT



SJAMMI



LANCÔME
PARIS



VIGNIR



SF Smiðir ehf

Sturla: 692-9969 - Fannar: 691-1518

Árgangur 2007



Almar Frosti Guðmundsson
Markaðsmál og ýmis verkefni



Amanda Bríet Bergþórssdóttir
Söngdívá



Amelía Rán Guðmundsdóttir
Markaðsmál og ýmis verkefni



Andri Eyfjörð Unnarsson
Tæknimaður



Arna Karen Gísladóttir
Söngdívá



Askur Björn Líndal
Tæknimaður



Ágúst Óðinn Ásgeirsson
Leikari/dansari



Álfrún Embla Hrannarsdóttir
Söngdívá



Birgir Örn Jónasson
Pabbinn/Guðmundur



Bjartmar Óli Hafrúnarson
Markaðsmál og ýmis verkefni



Björgvin Þór Helgason
Reiðhjóla/flöskugaur



Bragi Friðrik Bjarnason
Kracki 2



Bríet Agnarsdóttir
Söngdívá



Dagur Kári Kristinsson
Ýmis verkefni



Daniel Ingi Jóhannesson
Leikari/dansari



Daníel Bergmann Einarsson
Markaðsmál og ýmis verkefni



Dána Ósk Víðisdóttir
Söngdívía



Elísa Nótt Ingadóttir
Leikari/dansari



Elvar Ísak Jessen
Skógarhöggismaður/dansari



Erik Heiðar Guðbergsson
Leikari/dansari



Eydís G. Guðlaugs Drífudóttir
Markaðsmál og ýmis verkefni



Fannar Atli Victorsson
Tæknimaður



Fura Claxton
Mamman



Freyja Kristný Sævarsdóttir
Markaðsmál og ýmis verkefni



Gabríel Máni Benediktsson
Ýmis verkefni



Guðbrandur Ingi Guðjónsson
Læknir/dansari



Guðjón Ívar Granz
Steinn



Guðmundur Andri Björnsson
Leikari/dansari



Guðlaug Gyða Hannesdóttir
Mínerva



Hákon Freyr Guðmundsson
Krakki 3



Hilmar Veigar Ágústsson
Tæknimaður



Hringur Logi Sigurbjörnsson
Krakki 1



Hugrún Stefnisdóttir
Aðstoðarleikstjóri



Hulda Þórunn Ellertsdóttir
Vala



Ingbór Snjólfsson
Markaðsmál og ýmis verkefni



Íris Arna Ingvarsdóttir
Leikari/dansari



Íris Embla Andradóttir
Líf



Ísabella Ada Ívarsdóttir
Markaðsmál og ýmis verkefni



Ísabella Ýr Pétursdóttir
Hjúkrunarkona/dansari



Ísólfur Darri Rúnarsson
Þrándur



Jóhanna Dagný Óskarsdóttir
Markaðsmál og ýmis verkefni



Katrín Lára Kristinsdóttir
Leikari/dansari



Kristían Mar Andrason
Mangi



Kristinn Daði Lúðvíksson
Leikari/dansari



Kolfinna Eir Jónsdóttir
Drífa



Líf Hjálmsdóttir
Vanda



Logi Daðason
Vitringur



Magnús Ingi Sturluson
Markaðsmál og ýmis verkefni



Marinó Ísak Dagsson
Villi/dansari



Margrét Elva Fjöl意思dóttir
Söngdívía



María Ósk Ásgeirsdóttir
Svala



Marta María Baldursdóttir
Leikari/dansari



Matthea Kristín Watt
Rauðhetta/dansari



Máni Berg Ellertsson
Fjórði maður



Morten Ottesen
Gvendur



Ólafur Isaac Baldursson
Leikari/dansari



Óli Rafn Óskarsson
Markaðsmál og ýmis verkefni



Rannveig María Gísladóttir
Markaðsmál og ýmis verkefni



Raúl Emilio
Markaðsmál og ýmis verkefni



Róbert Smári Jónsson
Leikari/dansari



Sara Ósk E. Hólmarsdóttir
Markaðsmál og ýmis verkefni



Snorri Már Óttarsson

Markaðsmál og ýmis verkefni



Sverrir Elí Guðnason

Markaðsmál og ýmis verkefni



Telma Rut Birgisdóttir

Markaðsmál og ýmis verkefni



Víkingur Geirdal Birnuson

Ari

Aðrir nemendur sem komu að verkinu: Sævar Þór Eggertsson, Patrekur Guðjónsson og Kristján Díoómedes Gústafsson, Polina Shyian.

Viðtöl við leikara úr fyrri uppsetningu Nornaveiða.



Fanney Rún (Svala)

Hvernig var það að vera í Nornaveiðum

Sko mér fannst það rosalega skemmtilegt, mér finnst bara mjög gaman að koma fram og syngja og leika. Maður er svolítið athyglissjúkur. Mér fannst þetta bara tilvalið tækifæri til að taka þátt í þessu. Ég átti ekki von á því að fá þetta hlutverk ég hélt að ég myndi vera ein af söngdívunum því ég er alltaf að syngja en mér fannst mjög skemmtilegt að fá að vera aðalhlutverkið eða eitt af aðalhlutverkunum.

Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?

Það eftirminnilegasta var á general prufunni, þegar ég og kærastinn minn eða sá sem var að leika kærastan minn tókum ástardúett sem er lokalagið. Hann snéri mér í hring og við stóðum hlið við hlið og ég fer að skellihlæja á generalprufunni fyrir framan gesti. Einar Viðarsson var ekki sáttur með það að ég hafi farið að hlæja og skammaði mig svolítið þarna eftir sýninguna og sagði að ég mætti nú alls ekki gera þetta aftur og það gerðist ekki aftur.

Hafði það að setja upp söngleik einhver áhrif á þig sem einstakling?,

Já það hafði mikil áhrif á mig, maður fékk svolítið að kynnast sjálfum sér. Hvað maður vildi gera hvernig „performer“ maður vill vera, kynntist mörgum og svo var ég mjög mikið að syngja með Flosa þannig að hann var alltaf að gefa mér pointera þannig maður lærði ofboðslega mikið hjá honum. Líka af Einari og Gunnari, þeir eru ótrúlega flottir kennarar sem kenndu manni rosalega mikið og þeir eiga alltaf stóran stað í hjartanu mínu og sérstaklega eftir þennan söngleik.



Linda María
Rögnvaldsdóttir

Hvert var hlutverk þitt?

Ég var bara svona í allskonar, var að hjálpa til með hár og make-up á leikurum. Ég var að hjálpa til við að setja upp leikskána og safna styrkjum. Svo hoppaði ég í miðasöluna líka af og til

Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verkefni?

Mér fannst þetta virkilega gaman og spennandi og myndi mæla með fyrir alla að taka þátt, hvort sem það er að leika eða hjálpa til við annað

Hafði það að setja upp söngleik einhver áhrif á þig sem einstakling?

Hmmm kannski ekki beint, en þetta kenndi manni klárlega að vinna betur með öðru fólki og sjá hvað það er mikil vinna sem fer fram á bakvið tjöldin í svona verkefnum.

Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?

Hópurinn sem varð til í kringum þetta. Ég kynntist krökkum sem ég hefði líklega aldrei talað við ef maður hefði ekki kynnst þeim í kringum þetta. Þetta var svo ólíkt öllu sem ég og örugglega flestir sem tóku þátt höfðum gert áður. Þannig var áhuginn og spennan hjá öllum í skólanum svo skemmtileg.



Tryggvi Björn Guðbjörnsson

Hvernig var að taka þátt í Nornaveiðum?

Þetta var mjög gaman og vissulega mjög krefjandi líka. Þetta gaf manni líka svo mikið þegar upp var staðið, þetta hendir manni svolítið út fyrir þæginda ammann. Þetta varð til þess að maður var miklu opnari. Ég var í 10. bekk og maður er ekkert rosalega stór maður heldur bara 16 ára þjakkur, svo allt í einu var maður byrjaður að leika fyrir framan fullt af fólki og kynnast fullt af fólki. Það var bara allt einu svo miklu auðveldara að tala við fólk og ég held að það sé það sem gaf mér rosa mikið í þessu.

Hvað er það eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?

Það eftirminnilegasta fyrir mér var ábyggilega lygasagan sem við fengum að vita í miðju ferlinu. Þá var það að einhver sagði að við værum að fara með sýninguna í Þjóðleikhúsið, við fengum að vita þetta í hléi eða eitthvað. Það fóru allir í eitthvað panic og það fór allt úr skorðum og Einar varð að róa alla niður. Þetta var svona það eftirminnilegasta, en ég held að þetta hafi verið algjör lygi.

Hafði það að setja upp söngleik einhver áhrif á þig sem einstakling?

Ég hugsa bara það sem ég sagði áðan að það opnaði mann og var til þess að maður var ófeimin að tala við fólk.

Hvernig líst þér á að 10.bekkur sé að setja upp Nornaveiðar?

Mér finnst það geggjað, ég var inn í sal áðan að hlusta á æfingu og þá voru þau að taka Nornaveiðar lagið og mér fannst það brilliant. Ég var búin að gleyma mörgum atriðum og það var svo gaman að sjá, þetta er mjög svipað en samt aðeins öðruvísi bragur yfir þessu og ég held að það verði rosalega gaman að sjá þegar búningarnir verða komnir, þeir eru skemmtilegir og mjög öðruvísi.

Viðtal við styrktaraðila



Guðmundur Ingbór
Guðjónsson (PPP)

Hvernig fyrirtæki er PPP?

Við erum flutnings fyrirtæki og erum að flytja allt það sem þarf að vera flutt t.d mat í búðir, þjónusta mikið af fyrirtækjum, við flytjum gáma og erum með krana og flutningabíla og sendibíla.

Hversu lengi hefur PPP starfað?

Síðan 1927 og erum orðin 96 ára og höfum alltaf verið í sömu fjölskyldu og þriðju ættliðurinn er með þetta núna.

Hver stofnaði PPP?

Þórður Þorsteinsson Þórðarson, svo tók Þórður Þórðarson sem var í gullaldarliðinu í knattspyrnunni við og núna er Þórður Þorsteinsson Þórðarson eigandi.

PPP er fyrirtæki sem hefur alltaf stutt vel við hin ýmsu skólaverkefni. Hversu mikilvægt finnst þér að styðja við slík verkefni?

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki í bæjarfélaginu að reyna að styðja við ungmenni og börn ásamt öðrum verkefnum og sýni samfélagslega ábyrgð með því að hjálpa öllum að komast áfram. Það er frábært að fá að taka þátt í því með þeim af því að þetta er mikilvægt fyrir okkur og okkar skylda að aðstoða krakkana og aðra.

Hvaða áhrif heldur þú að það hafi á bæjarfélagið okkar að fyrirtæki styðji hin ýmsu verkefni?

Alveg eins og ég sagði áðan þá er það mjög mikilvægt og þetta er svona samfélagsleg skylda að við styðjum við samfélagið og þau styðja okkur með því að versla við okkur. Öll samfélög eiga að gera eins og þau geta, og þegar vel gengur hjá fyrirtækjum þá eiga þau að gefa meira af sér.

KALLABAKARÍ

Verið velkomin í kaffi og með því....



Kristall






Við stækkum
fermingar-
gjöfina þína

Við leggjum til allt að
12.000 króna mótframlag
þegar fermingarbörn leggja
inn á Framtíðargrunn og í
verðbréfasjóð. Það borgar
sig að spara til framtíðar.
Velkomin í Landsbankann.

LANDSBANKINN.IS

tinnaroyal.store



Uppbygging ehf.

BYGGINGAVERKTAÐAR

MÁLNINGARVINNA

CARLS



Við þekkjum tilfinninguna



CINTAMANI

Austurhraun 3 - Faxafen 7 - cintamani.is

Söngtextar

Happí

Lag: Gunnar Sturla Hvervarsson

Texti: Gunnar Sturla Hvervarsson og Flosi Einarsson

Happí happí
Já svo svaka happí

Fuglar fljúga um loftin hlý
Og færa okkur von á ný
Þeir syngja ljúfar sykraðar sönglínur
Og borða sætar rúsínur
Og þennan söng hann má heyra
dægri löng
Já þennan söng má hann heyra
dægri löng

Og við erum svo happí, happí
Já, svo svaka happí
Því að loks er nú komin lending
Og líf okkar himnasendir

Og sólin vermir nú sérhvern reit
Og sendir fögur fyrirheit
Aldan leikur við litla strönd
Við leiðumst sæl um fögur lönd
Ó, þennan söng, hann má heyra
dægri löng
Já þennan söng hann má syngja
dægri löng

Við erum svo happí, happí
Já, svo svaka happí
Því að loks er nú komin lending
Og líf okkar er himnasending
Og við erum svo happí, happí
Já svo svaka happí
Á líf okkar er orðin vending
Það er algjör himnasending

O, ó ó ó
Da, ra, ra, ra, ra, ra.....
O, ó ó ó
Da, ra, ra, ra, ra, ra.....

Og við erum svo happí, happí
Já, svo svaka happí
Á lífi okkar er orðin vending
Já það er algjör himnasending
Og nú fáum við “happy ending”
O, o, o, o.....



Söngtextar

Nornaveiðar

Lag og text: Einar Viðarsson

Nótt skall á með níðingi
nornaverki og rembingi
turtildúfur þurfa hjálp úr gjörningi

Nálgumst við ört nornaslóð,
nýstingskulda á fornri slóð
vonarneisti í brjóstum okkar rennur
líkt og blóð

Blóð og djöflar nú draga þig
drösla þér á annað stig
sameinuð við stöndum hér
sigruð verður með okkar her

Það blasir við, mikil barátta
blóðugt stríð - engin vinátta
mun það leiða til nýrri og betri
lífháttu?

Á nornaveiðar neyðumst við,
nornaskratti mun biðjum grið
að lokum allir munu öðlast frið
að eilífu

Blóð og djöflar nú draga þig...

Ohhh ohh ooooo...



Veitum ráðleggingar við val á efni
Ver slun í heimabyggð



BRESABÚÐ

Kalmansvöllum 1a, 300 Akranes - sími 431-5155



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Styrktarlínur

Valfell fasteignasala

SE Garðyrkja ehf

Contact hárstofa

Skessuhorn

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Einarsbúð

Bílar og dekk

Akraberg ehf

JG tannlæknastofa

Model ehf

Sjúkrabjálfun Hildar

Bílaverkstæði Badda ehf

Skagaverk ehf.

Al-hönnun

Gallerý Snotra

Rammar og myndir

Grjótið Bistro bar ehf

HÁ bílar ehf

Akur Trésmiðja

Toyota á Íslandi

Fastvest

Bílver

Fasteignasalan Hákot

LH bókhald

Verkalýðsfélag Akraness

Byggðarsafnið í Görðum

Ver ehf.

Fjöliðjan

Hár studio

Garðar Jónsson málrameistari

Rakarastofa Gísla

Loftmyndir ehf

Potturinn og Pannan

Englahár

Danól

Ölgerðin

simahulstur.is

2013 - 2023




**T TRÉSMIÐJAN
VEGAMÓT sf.**


nordanfiskur


REYNIR JÓHANSSON
☎ 433 8800





SÝNINGAR

Frumskýning sunnudaginn 5. febrúar kl. 18:00

2. sýning mánudaginn 6. febrúar kl. 19:00

3. sýning þriðjudaginn 7. febrúar kl. 19:00

4. sýning fimmtudaginn 9. febrúar kl. 19:00

5. sýning föstudaginn 10. febrúar kl. 19:00

6. sýning mánudaginn 13. febrúar kl. 19:00

MIÐASALA

Miðasalan fer fram á skrifstofu Grundaskóla mán-fim kl. 8 - 15.30 og á fös kl. 8:00 - 13:00 í síma 4331400

Miðasala er einnig opin á sýningardögum 2 tímum fyrir sýningu

Sími: 433 1413

Miðaverð: 2500 kr

Hægt er að greiða með greiðslukorti

